

Haksvegur og Þingvallavegur. Lagfæringar gatnamóta, Bláskógabyggð Ákvörðun um matsskyldu

INNGANGUR

Þann 13. maí 2014 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaðar framkvæmdir við vegamót Haksvegur og Þingvallavegur í Bláskógabyggð, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og tl. 10 c og 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Bláskógabyggðar, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Þingvallanefndar-Þjóðgarðsvarðar.

Umsagnir bárust frá Bláskógabyggð með bréfi dags. 22. maí 2014, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 30. maí 2014, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 23. maí 2014 og Þingvallanefnd-Þjóðgarðsverði með bréfi dags. 28. maí 2014.

Svör bárust frá Vegagerðinni með tölvupósti dags 26. maí 2014.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARÆÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Um er að ræða lagfæringar á vegamótum Þingvallavegur og Haksvegur innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum með það að markmiði að auka öryggi vegfarenda en ferðamönnum, sem leggja leið sína í þjónustumiðstöðina við Hakið á Þingvöllum, hefur fjölgað mjög mikið undanfarin ár. Í framlögðum gögnum framkvæmdaræðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að breikka Þingvallaveg á um 300 m kafla með því að koma fyrir aðreinum og um leið verði Haksvegur breikkaður lítillega á um 50 m kafla. Fram kemur að vegurinn verði að mestu lagður á fyllingu en aðeins verði gerðar lítils háttar skeringar meðfram vegarköntunum. Efnisþörf sé um 3000 m³ og verði efni tekið innan Þjóðgarðsins með leyfi Þjóðgarðsyfirvalda á svæði þar sem efnistaka hefur áður farið fram í tengslum við framkvæmdir innan Þjóðgarðsins.

Fram kemur að ekki hafi farið fram rannsóknir á gróðurfari eða fuglalífi á svæðinu en um verði að ræða rask á um 500 m² þurrlendissvæði og geti orðið tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum standi. Jarðmyndunum verði ekki raskað og engar þekktar minjar séu í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Við frágang verði svæði, sem raskist meðfram vegi, grædd upp í samráði við fulltrúa Þingvallabjóðgarðs, ef þurfa þykir, þannig að þau falli sem best að landslagi.

ÁLIT UMSAGNARÆÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARÆÐILA

Í umsögnum Bláskógabyggðar, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Þingvallanefndar-Þjóðgarðsvarðar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er lögð áhersla á að aflagðir hlutar Haksvegur verði fjarlægðir og að vandað verði til frágangs og uppgræðslu raskaðra svæða.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að haft verði samráð við starfsmenn Þjóðgarðsins um aðgerðir við að fjarlægja aflagða hluta vegarins.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að starfsmaður stofnunarinnar hafi skoðað fyrirhugað framkvæmdasvæði og staðfest það sem fram komi í skýrslu Vegagerðarinnar að þar séu engar sýnilegar fornleifar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagfæringar á vegamótum Þingvallavegar og Haksvegar í Bláskógabyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 10 c og 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Hér er um að ræða umfangslitlar framkvæmdir á viðkvæmu svæði innan marka þjóðgarðsins á Þingvöllum. Að hluta til hefur fyrirhuguðu framkvæmdasvæði verið raskað og umfram rask á gróðri verður lítið. Nauðsynlegt er að vanda til frágangs þar sem framkvæmdin er innan þjóðgarðs og telur Skipulagsstofnun að ef vel tekst til með frágang verði neikvæð áhrif fyrirhugaða framkvæmda á gróður og yfirbragð svæðisins ekki veruleg. Þá liggur fyrir að framkvæmdirnar munu hvorki raska fornleifum né hrauni.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu og umsagnir vegna hennar. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagfæringar á vegamótum Haksvegar og Þingvallavegar séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Bláskógabyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og leyfi Þingvallanefndar samkvæmt lögum nr. 47/2004.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. júlí 2014.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson